

## Fundur Öldungaráðs 6. mars 2019

### Mættir:

Elísabet Valgeirsdóttir, Elínbjörg Ingólfssdóttir, Gylfi Ingvarsson, Valgerður Sigurðardóttir, Þórdís B. Kristinsdóttir og Þórarinn Þórhallsson.

### Forföll:

Guðlaug Steinsdóttir.

### DAGSKRÁ

#### 1. Fundargerð síðasta fundar yfirfarin og samþykkt

#### 2. Frístundastyrkur.

Formaður Öldungaráðs upplýsti um fund sem tveir af fulltrúum ráðsins áttu með Fjölskylduráði 14. febrúar sl.

Rekstrarstjóri fjármálasviðs fór þar yfir umfang tómstundastyrkja sveitarfélagsins til eldri borgara. Ráðið lýsir yfir ánægju sinni með framkvæmd og utanumhald tómstundastyrkjanna. Ráðið telur styrkina hvetja fólk til heilsusamlegs lífarnis og vera öðrum sveitarfélögum til eftirbreytni.

#### 3. Sjómannadagsráð

Lagt er fram bréf Sjómannadagsráðs dagsett 15. nóvember 2018 til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Fram kemur í bréfinu að fyrirhuguð sé bygging um 120 nýrra leiguíbúða fyrir aldraða á lóðinni við Hrafnistu og að veita eigi íbúum jafnframt aðgengi að þjónustu og félagsstarfi í samstarfi við Hrafnistu.

Öldungaráð Hafnarfjarðar lýsir yfir ánægju sinni með fyrirhugaðar framkvæmdir Sjómannadagsráðs og óskar eftir því að vera upplýst um hvernig verkefninu vindur fram.

Jafnframt leggur ráðið áherslu á mikilvægi þess að byggð verði upp þjónusta og komið á félagsstarfi við eldri borgara í öðrum hverfum bæjarins s.s. á Völlunum.

#### 4. Reglur Öldungaráðs

Drög að reglum Öldungaráðs voru lagðar fyrir að nýju og samþykkt að gera breytingar á þeim í samræmi við athugasemd sem kom fram á fundi fjölskylduráðs 14. febrúar sl. Reglurnar sem byggja á ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/2018 og lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999 verða sendar á ný til samþykktar fjölskylduráðs.

#### 5. Fasteignagjöld

Lagt er fram yfirlit yfir fasteignagjöld sveitarfélagsins og tekjuviðmið því tengt.



## HAFNARFJÖRÐUR

Öldungaráð fagnar ákvörðun sveitarfélagsins hvað varðar tekjuviðmið einstaklinga vegna álagninga fasteignagjalda.

### 6. Önnur mál

#### **Framkvæmdasjóður aldraðra**

Öldungaráð Hafnarfjarðar lýsir yfir fullum stuðningi sínum við umsókn sviðsstjóra Fjölskylduráðs um uppbyggingu dagdvalar/dagþjálfunar á Sólvangi. Þá fagnar ráðið og styður heilshugar við fjölgun þrjátíu og þriggja hjúkrunarrýma á Sólvangi.

#### **Verkefnið „brúkum bekki“**

Gylfi Ingvarsson, segir frá verkefninu „brúkum bekki“ og samstarfi við aðila innan sveitarfélagsins hvað það varðar.

#### **Snjómokstur við Flatahraun 3**

Fram kemur í máli formanns að þörf sé fyrir snjómokstur við félagsmiðstöðina í Hraunseli. Ákveðið er að óska eftir því við Hafnarfjarðarbæ að hlutast verði til um snjómokstur og hálkuvarnir við félagsmiðstöðina.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt af fundarmönnum.